

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki og viðbótarábyrgðir og undanþágu frá tilteknum kröfum í ákvörðun 2003/100/EB og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1874/2003.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 1. maí 2010:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 frá 31. mars 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki og viðbótarábyrgðir og undanþágu frá tilteknum kröfum í ákvörðun 2003/100/EB og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1874/2003.

### 2. gr.

Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68, frá 15. desember 2011, bls. 150.

### 3. gr.

Ákvæði 2.3, 3., 4., 5., 6. töluliðar í kafla A í viðauka VII um útrýmingu smitandi heilahrönnunar í sauðfé og geitum, í reglugerð nr. 999/2001 með síðari breytingum, gildir ekki um Ísland.

Þar sem fram hefur farið niðurskurður vegna riðu skal þó einungis heimilt að flytja líflömb sem ekki hafa VRQ arfgerðina á búið.

### 4. gr.

Ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 999/2001 með síðari breytingum, kafla A, B, D, viðauka VIII, um viðskipti með lifandi dýr á Evrópska efnahagssvæðinu og útflutning lifandi dýra til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins, og kafla A, B, D, E og H í viðauka IX, að því er varðar innflutning lifandi dýra inn á Evrópska efnahagssvæðið, gildir ekki um Ísland.

### 5. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

### 6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. febrúar 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2012